



Umhverfis-og auðlindaráðuneytið
Skuggasund 1
Reykjavík
uar@uar.is

1. febrúar 2021

Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál (markmið um kolefnishlutleysi)

Árið 2020 átti að einkennast af loftslagsaðgerðum á alþjóðavísu en málefnið hefur fallið þó nokkuð í skuggann af alheimsfaraldri Covid-19. Hamfarahlýnun er þó á engu undanhaldi¹ og augu komandi kynslóða, á Íslandi sem og annars staðar, beinast að ríkjum heimsins. Því er nauðsynlegt að setja fram metnaðarfull markmið og áætlanir sem gangast að fullu við ábyrgð Íslands í loftslagsmálum. Í Helsingfor yfirlýsingu forsætis- og umhverfisráðherra Norðurlandanna kom fram að ásamt því að stefna að kolefnishlutleysi ætla Norðurlöndin að leiða baráttuna gegn loftslagsbreytingum². Tími fagurra orða og yfirlýsinga er löngu liðinn, og tími til kominn að grípa til aðgerða. Ungir umhverfissinnar hvetja því íslensk stjórnvöld til að sýna þetta forystuhlutverk í verki með metnaðarfullri útfærslu á áformum um kolefnishlutleysi 2040.

Skilgreining kolefnishlutleysis

Samkvæmt samantekt Loftslagsráðs árið 2020 um kolefnishlutleysi³ kemur fram að þau ríki sem taka þátt í viðskiptakerfi ESB um losunarheimildir telja losun innan kerfisins í öllum tilfellum með í uppgjöri gagnvart kolefnishlutleysi. Því þykir ljóst að losun Íslands sem fellur innan þess kerfis hlýtur að falla undir bókhald kolefnishlutleysis.

¹ Haf- og loftslagsstofnun Bandaríkjanna (NOAA). (2020). Trends in Atmospheric Carbon Dioxide. [Hlekkur](#)

² Norrænu forsætisráðherrarnir. (2019). Yfirlýsing um norrænt kolefnishlutleysi. [Hlekkur](#)

³ Loftslagsráð. (2020). Kolefnishlutleysi - Samantekt frá Loftslagsráði. [Hlekkur](#)

Hvað varðar losun og bindingu frá landnotkun, breyttri landnotkun og skógrækt þarf að hafa í huga að mest af ónýttu framræstu votlendi Íslands var ræst fram á seinni helming 20. aldar⁴, fyrir árið 1990. Stjórnvöld þurfa því að hafa í huga hvers konar kolefnishlutleysi Ísland stefnir að, þ.e.a.s. ætlar Ísland að ná svokölluðu eðlisfræðilegu kolefnishlutleysi þar sem öll losun frá starfsemi og landi eru vegin á móti bindingu eða bókhaldslegu kolefnishlutleysi þar sem horft er fram hjá hluta losunar vegna bókhaldsreglna sem taka m.a. mið af viðmiðunarárum.

Við slíka ákvörðunartöku ber að hafa í huga að ekki er hægt að semja við eðlisfræðileg lögmál lofthjúpsins, en þar skiptir ekki máli hvaðan losunin kemur og hvort hún sé framtalin í losunarbókhaldi eður ei.

Áfangamarkmið

Ungir umhverfissinnar styðja að markmiðsákvæði um kolefnishlutleysi á Íslandi 2040 verði bætt við 1. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál. Einnig ítrekum við mikilvægi þess að lögfesta áfangamarkmið um a.m.k. 50% samdrátt í heildarlosun ásamt landnotkun fyrir árið 2030. Slíkt markmið er í samræmi við fyrri kröfur Ungra umhverfissinna, LÍS, SHÍ, fulltrúa ungs fólks í Loftslagsráði⁵ og fulltrúa Íslands á Loftslagsráðstefnu ungmenna, Mock COP26⁶. Ljóst er að línuleg þróun frá 2020 að raunverulegu kolefnishlutleysi árið 2040 gerir ráð fyrir helmingssamdrætti í heildarlosun með landnotkun fyrir 2030. Sá samdráttur Íslands sem ekki næst á fyrri hluta tímabilsins (fyrir 2030) þarf að bæta upp á þeim seinni (frá 2030-2040), og rúmlega það. Í samantekt Loftslagsráðs um kolefnishlutleysi⁷ er ítrekað að töf á aðgerðum til að draga úr losun veldur þörf á hraðari aðgerðum síðar meir til að halda hnattrænni hlýnun í skefjum. Markmið stjórnvalda sem hljóða upp á lægri samdrátt en 50% fyrir 2030, varpa því meirihluta ábyrgðarinnar á komandi kynslóðir.

Einnig ber stjórnvöldum að líta til þess að samkvæmt skýrslu Millirikjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (e. IPCC) þarf að helminga kolefnislosun heimsins árið 2030 og ná fram kolefnishlutleysi árið 2050 til að standast markmið Parísarsáttmálans um hámarkshækkun um 1,5 gráðu á celsius⁸. Ísland er í hópi þeirra aðildarríkja Rammasamnings SP um loftslagsbreytingar sem hefur lýst yfir vilja til að stuðla að því að meðalhækkun hitastigs jarðar verði ekki umfram neðri mörk Parísarsáttmálans, þ.e.a.s. meiri en 1,5 gráðu hækkun á celsius frá iðnbýltingu⁹. Áfangamarkmið um helmingssamdrátt í heildarlosun ásamt landnotkun fyrir 2030 myndi því styðja við viljayfirlýsingu íslenskra stjórnvalda.

⁴ Ólafur Arnalds, Hlynur Óskarsson, Jón Guðmundsson, Sigmundur Helgi Brink, Fanney Gísladóttir. (2016). *Icelandic inland wetlands: Characteristics and extent of draining*. [Hlekkur](#)

⁵ Athugasemdir við 2. útg. Aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum (sameiginleg umsögn UU, LÍS og SÍF og umsögn Sigurðar Lofts Thorlacius). (2020). [Hlekkur](#)

⁶ MOCK COP26 TREATY. (2020). [Hlekkur](#)

⁷ Loftslagsráð. (2020). *Kolefnishlutleysi - Samantekt frá Loftslagsráði*. [Hlekkur](#)

⁸ Masson-Delmotte o.fl. IPCC (2018). Úr: *Global Warming of 1.5°C*. [Hlekkur](#)

⁹ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (2020) (a). *Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum*. [Hlekkur](#)

Loftslagsmarkmið Norðurlandanna

Líta má til hinna Norðurlandanna til samanburðar á markmiðum um samdrátt í losun. Danmörk hefur lögfest 70% samdrátt í heildarlosun árið 2030, miðað við árið 1990, og gróðurhúsalofttegundahlutleysi eigi síður en árið 2050¹⁰. Samkvæmt innsendu landsmarkmiði Noregs til Rammasamnings SP stefnir Noregur á 50-55% samdrátt frá 1990-2030¹¹. Finnland hefur lögfest markmið um kolefnishlutleysi árið 2035 og samdrátt losunar upp á 90% frá 1990-2050¹². Svíþjóð stefnir á gróðurhúsalofttegundahlutleysi árið 2045 og samdrátt upp á 85% heildarlosunar það sama ár miðað við 1990¹³. Ljóst er því að núverandi markmið Íslands eru ekki meðal metnaðarfullstu markmiða Norðurlandanna í loftslagsmálum, en það ætti að hvetja stjórnvöld til að setja fram metnaðarfull áfangamarkmið á leið okkar að kolefnishlutlausu Íslandi 2040.

Samdráttur og binding

Ungir umhverfissinnar minna á að kolefnishlutleysi næst ekki einungis með aukinni bindingu, og aðgerðir verða að leggja áherslu á samdrátt. Ljóst er að lífnaðarhættir okkar þurfa að breytast þar sem leiðir til að binda kolefni eru ekki óendanlegar og vistkerfin hafa ekki getu til að taka endalaust við. Binding kolefnis er engu að síður mikilvægur þáttur í aðgerðum í átt að kolefnishlutleysi. Þar skiptir mestu að fara rétt að og hafa líffræðilegan fjölbreytileika og sjálfbærni til langs tíma í brennidepli, fremur en að huga einungis að bindingargetu og hraða. Þá ætti ekki að gróðursetja þekktar ágengar tegundir heldur tryggja fjölbreytni vistkerfa án þess að hafa umtalsverð áhrif á íslenska gróðursamsetningu eða dýralíf. Endurheimt vistkerfa, bæði votlendis og annarra, með áherslu á eiginleika jarðvegs og tegundasamsetningu lífvera er kostur í kolefnisbindingu sem ætti að fá meiri byr undir vængi¹⁴. Aðrar leiðir í bindingu kolefnis þurfa að vera vel útfærðar með ofantalda þætti að leiðarljósi.

Samfélagsleg áhrif og réttlát umskipti

Það eru margar leiðir sem hægt er að fara að kolefnishlutleysi og mikilvægt er að réttlæti sé haft að leiðarljósi. Árangur og varanleiki umskiptanna mun m.a. velta á því hversu réttlát þau eru gagnvart öllum hópum í samfélaginu¹⁵, þ.m.t. jaðarsettum og viðkvæmum hópum eins og ungu fólki, fötluðu fólki, eldri borgurum eða lágtekjuhópum. Þetta felur í sér að umbreytingin þarf, ásamt því að skapa efnahagslega hagsæld, að stuðla að samfélagslegu réttlæti, mannréttindum, og félagslegri vernd.

¹⁰ Denmark's Mid-century, Long-term Low Greenhouse Gas Emission Development Strategy (2020). [Hlekkur](#)

¹¹ Norway's Long Term Low Emission Development Strategy. [Hlekkur](#)

¹² Finland's long-term low greenhouse gas emission development strategy (2020). [Hlekkur](#)

¹³ Sweden's long-term strategy for reducing greenhouse gas emissions (2020). [Hlekkur](#)

¹⁴ Sjá t.d. Ólafur Arnalds og Jón Guðmundsson (2020). Rit Lbhl nr. 133.

¹⁵ The Green Initiative & International Labour Organization (2016). A Just Transition to Climate-Resilient Economies and Societies [technical paper]. [Hlekkur](#)

Samráð við ungt fólk

Ungir umhverfissinnar leggja áherslu á að ungt fólk eru hagaðilar hvað varðar kolefnishlutlausu framtíð og þurfi sem slíkir að taka þátt í því samráðsferli sem snýr að vinnu vegvísis um kolefnishlutleysi Íslands. Sem dæmi væri hægt að skipa fulltrúa frá samtökum sem eru í forsvari fyrir ungt fólk, eða lýðræðislega kjörna fulltrúa, í hóp hagaðila. Þannig geta stjórnvöld tryggt réttláta aðkomu ungs fólks að mótun þess samfélags sem þau munu taka við og skapað aukna vitund á og stuðning við kolefnishlutleysi meðal ungs fólks.

Fjármögnun aðgerða

Ungir umhverfissinnar krefjast þess að auknu fjármagni sé veitt til baráttunnar gegn loftslagsvánni. Eins og bent var á í fyrri umsögn UU, LÍS og SHÍ¹⁶, kemur fram í skýrslu IPCC¹⁷ hvað þær sviðsmyndir sem stuðla að 1,5°C eða 2,0°C hlýnun krefjast mikilla fjárfestinga. Sviðsmynd OECD fyrir 2,0°C hnattræna hlýnun er eina sviðsmyndin sem tekur tillit til fjárfestinga í samgönguinnviðum og öðrum innviðum auk fjárfestinga í orkuvinnslu og orkunýtni. Þar er áætlað að árlegar fjárfestingar þurfi að nema því sem samsvarar 6,0% af landsframléiðslu heimsins, annars vegar 4,0% vegna samgönguinnviða og annarra innviða og hins vegar 2,0% vegna orkuvinnslu og orkunýtni. Á Íslandi hefur þegar verið tekin upp endurnýjanleg orkuvinnsla og því standa eftir fjárfestingar vegna samgönguinnviða og annara innviða. Þó er ljóst að slík prósentu miðar einungis að 2,0°C hlýnun og ljóst er að miða þarf við hærri prósentu til að ná 1,5°C markmiðinu. Stjórnvöld bera ábyrgð á þessari fjármögnun, ásamt atvinnulífinu, og ljóst er að betur má ef duga skal í útgjöldum til málaflokksins. Útgjöld segja þó ekki alla söguna og samhliða aukinni fjármögnun þarf einnig að draga úr fjárframlögum til aðgerða sem stuðla að aukningu losunar.

Að lokum

Ungir umhverfissinnar fagna því að vinna sé hafin við vegvísi að kolefnishlutlausu Íslandi 2040. Við hlökkum til að sjá útfærsluna og bindum vonir við að hún taki mið af sjónarmiðum ungs fólks, en það mun taka við því kolefnishlutlausu samfélagi sem hafin er mótun af. Fyrir hönd Ungra umhverfissinna



Tinna Hallgrímsdóttir, varaformaður
s. 8689634

¹⁶ Athugasemdir við 2. útg. Aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum (sameiginleg umsögn UU, LÍS og SHÍ. (2020). [Hlekkur](#)

¹⁷ Masson-Delmotte o.fl. IPCC (2018). Úr: *Global Warming of 1.5°C*. [Hlekkur](#)